

Skólanefndarfundur 25. janúar 2017.

Mættir: Benedikt Bogason, Halla Helgadóttir, Lárus Jakobsson, Halla Sigrún Arnardóttir, Hrafnkell Pálmarsson, Þórhalla Steinþórsdóttir, Ólafur Guðmundsson, Harpa Rut Hilmarsdóttir og Lárus H. Bjarnason.

1. Útlínur rekstraráætlunar 2017, svo viðbrögð ráðuneytis.

Rektor gerði grein fyrir rekstraráætlun og ýmsum tæknilegum vangaveltum um rekstrarkostnað í áætlun og hugsanleg viðbrögð ráðuneytis við því, t.d. fjölda nemenda miðað við rekstrarkostnað. Einnig átti rektor í bréfaskriftum við ráðuneyti vegna orðalags um námslengd í skólanum. Áætlun var samþykkt af ráðuneyti.

Umræður:

Harpa Rut spurði um fjölda nemenda í skólanum. Hún nefndi einnig að hún þekkti til nemanda hér í skólanum sem væri mjög ánægður með skólann.

Rektor nefndi að á vorönn 2017 væru nemendur með fæsta móti, að færri nemendur hefðu verið tekinir inn og að mjög stór hópur hefði útskrifast um jólin en markmiðið væri að nemendum myndi ekki fækka.

Halla Sigrún spurði hvort færri nemendur færu í skólann vegna styttingarinnar.

Rektor nefndi að MH gæti hugsanlega verið aðeins minna spennandi en áður af því að hann væri ekki með ákveðið skilgreint þriggja ára stúdentspróf.

Umræður sköpuðust út frá styttingunni og hvernig skólinn myndi mæta henni, t.d. sumarönnin.

Harpa Rut spurði hvort skólinn hefði ekki áhyggjur af því að listaframhaldsskólinn tæki nemendur frá MH

Rektor svaraði því til að sá skóli myndi mæta því fólki sem stefndi á listnám og að MH væri nákvæmlega skilgreindur bóknámsskóli. MH myndi taka að sér að kenna nemendum hins nýja tónlistamenntaskóla bóknámsgreinar og að t.d. tónlistarnemendur stefndu oftast að því að ljúka studentsprófi. Frekari umræður um þetta.

2. Gildi skólans / kjörorð /einkunnarorð

Formaður setti fram þá skoðun að æskilegt væri að efna til kynningar, samkeppni og umræðu um einkunnarorð skólans. Þórhalla tók undir þessi orð og benti á að upplagt væri að taka þetta fyrir á skólaþingi lagningardögum.

Rektor nefndi að það væri álitamál hvaða ramma ætti að setja utan um þetta.

Harpa Rut nefndi þjóðfundarfyrirkomulagið sem form sem myndi henta þessari umræðu.

Ólafur benti á að umræða um þessi kjörorð væri mikilvæg sem liður í stefnumótun fyrir skólann. Benedikt spurði hvort aðrir framhaldsskólar væru með einkunnarorð.

Umræða skapaðist um þetta mál og nefnd voru ýmis dæmi bæði úr framhaldsskólum og grunnskólum. Þórhalla nefndi að ekki ætti að koma fram hver væri höfundur tillögunnar.

Rektor spurði hvaða tímaramma væri æskilegt að setja um málið og hvort dómnefnd ætti að taka tillögunar fyrir.

Hrafnkell nefndi að við værum að tala um raunverulega mikilvæga hugmyndafræðilega vinnu sem þyrfti að fara fram áður en kjörorðin væru lögð fram. Þau myndu byggja á þeirri vinnu.

Taka þyrfti saman stefnu skólans út frá gögnum sem liggja fyrir.

Rektor nefndi að þetta gæti verið snúið þar sem æskilegt væri að umræðan yrði sem lýðræðislegust.

Umræða skapaðist um að sérfræðingur í málinu ætti að stýra stefnumótun og myndi halda upplýsingum saman.

Þórhalla nefndi að mikilvægt væri að sem flestir kæmu að málinu.

Umræður urðu um hvernig skipulag á slíkri mótun gæti farið fram, hver ætti að stýra henni og hversu langan tíma mætti taka í þetta. Nafn Brynhildar Björnsdóttur var nefnt og í framhaldinu að eðlilegt væri að hin nýstofnuðu samtök, NHMH, ættu einhverja aðkomu að málinu, einhvern tillögurétt í bland við núverandi nemendur og starfsfólk skólans.

Formaður stakk upp á að leitað yrði til BB og var það samþykkt.

Rektor nefndi að á skólaþingi mætti safna saman því sem fólk teldi vera gildi skólans. Síðan væri þeim hugmyndum fundinn skipulagður farvegur sem leiða myndi til mótunar einkunnarorða. Þetta var samþykkt.

3. mál: Fréttir úr skólastarfinu.

Rektor talaði um óvenjulegan fjölda þeirra sem útskrifuðust á haustönn. Hann nefndi að stöðugleiki væri í starfsmannahaldi. Hann sagði að í desember hefði skólinn fengið formlegt leyfi til starfa frá heilbrigðiseftirlitinu. Það leyfi hafði fallið úr gildi fyrir allnokkru síðan og ekki verið endurnýjað og skólinn því starfað í leyfisleysi um hríð.

Umræður sköpuðust um reykingabannið á lóðinni og hvernig gengi að framfylgja því, einkum kvartanir náganna skólans um reykingar og umgengi nemenda við lóðir í nágrenninu.

Halla Sigrún spurði hvort sálfræðingur skólans myndi starfa áfram. Rektor sagði að það myndi velta á fjárhagsáætlun en vilji væri til þess. Þórhalla nefndi að almenn ánægja væri með að hafa sálfræðing í starfi við skólann. Rektor nefndi að sálfræðingur hefði mikið forvarnargildi fyrir skólastarfið, bæði fyrir nemendur og hugsanlega kennara líka.

Frekari umræður um þetta.

Formaður nefndi að þetta væri síðasti fundur þessarar skólanefndar. Rektor þakkaði fulltrúum í nefndinni gott starf og þá sérstaklega formanninum sem hefur starfað í nefndinni allar götur frá 1989. Rektor las til gamans fyrstu fundagerð nefndarinnar.